

Reglugerð Hrossaræktarfélags Spretts um árlega veitingu ræktunarverðlauna.

I

Veiting farandgripa fyrir efstu hross eftir kyni og aldri.

Farandgripir eru veittir árlega á aðalfundi félagsins sem verðlaun fyrir efsta hross í kynbótadómi í hinum ýmsu aldursflokkum stóðhesta og hryssna á yfirstandandi ári, ræktað af félagsmanni í hrossaræktarfélaginu. Áskilið er að sá sé skuldlaus við félagið.

Farandgripirnir eru veittir eftir eftirfarandi flokkun eftir kyni og aldri. Í sviga er tilskilin lágmarkseinkunn svo að gripinn megi afhenda, nái ekkert hross tilskyldu lágmarki í einum flokki eða fleirum fellur veiting hans niður í það sinnið.

Stóðhestar: 4 vetra (7,80), 5 vetra (7,95), 6 vetra (8,00), 7 vetra og eldri (8,10).

Hryssur 4 vetra (7,70), 5 vetra (7,80), 6 vetra (7,85), 7 vetra og eldri (7,90).

Vinningsár, nafn, uppruni og IS-númer og aðaleinkunn hrossins sem í hlut á skal skráð á fót farandgripsins hverju sinni. Ekki eru afhentir eignabikarar eða sérstök skjöl, einungis handhöfn farandgripsins til eins árs.

II

Ræktunarmaður ársins.

Veitingu farandgrips félagsins - ræktunarmaður ársins - verður framhaldið skv. þeirri reglu að félagsbundinn og skuldlaus ræktandi hæst dæmda hross í kynbótadómi innan vébanda félagsins, aldursleiðrétt hlýtur gripinn. Áletrun á fót bikarsins skal vera með sama hætti eftirleiðis sem hingað til. Auk handhafnar farandgripsins í eitt ár fær vinningshafinn eignabikar afhentan árangrinum til staðfestingar.

Séu tvö hross jöfn í aðaleinkunn eftir að aldursleiðrétting hefur verið reiknuð út, vinnur sá sem hærra hrossið hefur ræktað samkvæmt þriðja aukastaf, séu hrossin enn jöfn vinnur sá sem það hross hefur ræktað sem hærra er fyrir hæfileika.

Heiðursviðurkenning þessi vinnst aðeins einu sinni fyrir sama hross.

III

Ræktunarbú ársins.

Nýr farandgripur sem veittur er þeim ræktanda félagsbundnum og skuldlausum í ræktunarfélaginu sem bestum árangri nær hverju sinni fyrir heildarútkomu hrossa sem hann er skráður ræktandi að. Mat á árangri skal miðast við gildandi reglur RML hverju sinni nema hvað það varðar að skilyrði fyrir því að komast í pottinn eru tvö sýnd hross en ekki fjögur eins og hjá RML og þar af tvö í 2. Verðlaun, undanskilin eru 4.v. hross

Á fót farandgripsins skal skáð vinningsár, nafn vinnandans eða bús þess sem hann starfrækir og ræktunin er kennd við.